

37. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 12. mars 2002 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

- a) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.
Miðannarpróf og foreldraviðtöl í framhaldi af þeim gengu vel. Unnið er að undirbúningi árshátíðar sem er í næstu viku.
Brunaæfing var í barnaskólanum um daginn og gekk hún vel.
Landsmót barnakóra verður um næstu helgi og er von á um 450 börnum og munu 23 hópar gista í grunnskólanum.
Auglýst verður í Morgunblaðinu nk. fimmtudag eftir kennurum fyrir næsta skólaár í stærðfræði, náttúrufræði og dönsku en þegar hafa borist fyrirspurnir.
Skíðaferð 7. bekkjar verður 15.-17. apríl nk.

- b) Sigrún flutti skýrslu um starfið á leikskólanum.
Nú eru tveir starfsmenn í veikindaleyfi í nokkrar vikur og voru ráðnir starfsmenn í afleysingar á meðan.
Fjöldi barna er svipaður og áður og eru breytingar væntanlegar með vorinu þegar 6 ára börn hætta og yngri börn koma inn.
Starfsdagur verður 25.3. nk. þá verður m.a. farið í skólanámskrárgerð og fræðslu vegna fjölmenningsarsamfélags.
Á sumardaginn fyrsta verður opið hús í leikskólanum.

Að loknum skýrslum svöruðu skólastjórar framkomnum fyrirspurnum.

2. Sumarlokun leikskóla.

Miklar umræður spunnust um málið. Tillaga frá leikskólastjóra um óbreytt skipulag, samþykkt með 5 atkvæðum, 2 á móti.

3. Önnur mál.

- a) Næsti fundur ákveðinn 10. apríl nk. kl. 17:00.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:10.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).

Róbert Jörgensen (sign.),
Ragna S. Eyjólfsdóttir (sign.),
María B. Ólafsdóttir (sign.),
Steinunn I. Magnúsdóttir (sign.),
Linda S. Sigurðardóttir (sign.),

Gunnar Svanlaugsson (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Margrét Thorlacius (sign.),
Kristín Sigurðardóttir (sign.),
Sigrún Þórsteinsdóttir (sign.).